

Annar fundur haldinn að Breiðabliki 24. febrúar 2020 að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð. Ragnhildur Sigurðardóttir mætir undir 1. lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði frávika frá dagskrá vegna deiliskipulags við Laugargerðisskóla sem barst í dag. Hreppsnefnd samþykkir að taka það á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kynning á Svæðisgarðinum og næstu áhersluverkefnum hans. Ragnhildur Sigurðardóttir mætir á fundinn. Ragnhildur fór yfir starfsemi Svæðisgarðisins undanfarin ár og einnig þá vinnu sem hefur farið fram frá því síðastliðið sumar um mótun verkefna næstu fimm ára. Hreppsnefnd þakkar fyrir það mikla starf sem unnið hefur verið á vegum Svæðisgarðisins og hlakkar til að vinna áfram með honum að þeim verkefnum sem fram undan eru.
2. Bréf EFS dagsett 10. febrúar 2020 og drög að svarbréfi. Lagt fram bréf frá EFS frá 10. febrúar 2020, einnig var lagt fram drög að svarbréfi og var oddvita falið að ganga frá svarbréfi og senda.
3. Viðhaldsmál vegna Laugargerðisskóla. Farið yfir stöðu mála.
4. Staðgreiðsluuppgjör vegna 2019. Lagt fram til kynningar.
5. Boðun landsþings xxxv 26. mars 2020. Lagt fram til kynningar.
6. Frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum – umsögn? oddvita falið að vinna upp drög að umsögn og senda á hreppsnefnd.
7. Ráðstefna á vegum SSV um sameiningarmál 12. mars. Ráðstefnan er opin öllum sveitarstjórnarmönnum á Vesturlandi og starfsmönnum þeirra.
8. Tölvupóstur frá sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps vegna sameiningarmála. Tölvupósturinn lagður fram til kynningar.
9. Opinber útgáfa 186 fundargerð félagsmálanefndar. Lögð fram til kynningar.
10. Stjórnsýsluskoðun KPMG vegna 2019. Lögð fram til kynningar og rædd.
11. 878 fundargerð stjórnar sambandsins frá 31. janúar 2020. Lögð fram til kynningar.
12. 24. fundargerð skóla og fræðslunefndar. Lögð fram.
13. 25. fundargerð skóla og fræðslunefndar. Oddvita falið að ræða við skólastjóra um sérfræðiþjónustuna sem nefnd er í fundargerðinni og fylgja því síðan eftir með erindi.
14. 26. fundargerð skóla og fræðslunefndar. Lögð fram.
15. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 11. desember 2019. Lögð fram til kynningar.
16. 150 fundur stjórnar SSV frá 9. desember 2019. Lögð fram til kynningar.
17. 149. fundur stjórnar SSV frá 15. nóvember. Lögð fram til kynningar.
18. Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands frá 21. október 2019. Lögð fram til kynningar.
19. Drög að deiliskipulagi við við Laugargerðisskóla. Hreppsnefnd fór yfir drögin og oddvita falið að fylgja eftir ábendingum hreppsnefndarmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)